

Sp.

105. Tillaga til þingsályktunar

[85. mál]

um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu.

Flm.: Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga, sem geri atvinnurekendum að skyldu að kaupa fullnægjandi ábyrgðartryggingu fyrir slysabótum, sem á atvinnureksturinn kunna að falla.

Greinargerð.

Þegar slys verða á fólki við störf, er atvinnurekandi oft skaðabótaskyldur lögum samkvæmt.

Flest meiri háttar atvinnufyrirtæki munu tryggja sig fyrir slíkum skaðabótargreiðslum, svo að sá, sem skaðabótarétt öðlast, fær sínar greiðslur, eins og lög standa til. Á hinn bóginn eru margir atvinnurekendur ótryggðir fyrir öllum slíkum skakkaföllum og oft vanmegnugir til að leysa af hendi þær skyldur, sem á þá falla, þegar slys ber að höndum í atvinnurekstri þeirra.

Þegar svo illa tekst til, gerist hvort tveggja í senn: Hinn slasaði verður af þeim bótum, sem hann á lögum samkvæmt, eða greiðsla þeirra dregst óhæfilega, og atvinnurekandinn verður upp frá því með dómkröfu vegna slyssins á herðum sér, þar til slysið er bætt, sem máské getur aldrei orðið.

Hver sá maður, sem tekur bifreið í notkun, verður áður að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir því tjóni, sem hann kann að valda með bifreiðinni. Víst er, að þetta fyrirkomulag er almennt talið sjálfsagt og veita að ákveðnu marki fullvissu fyrir því, að tjón, sem bifreiðin kann að valda, fáist bætt.

Flutningsmenn telja eðlilegt, að hliðstæð skylda og á bileigendum hvílir til kaupa á ábyrgðartryggingu verði einnig lögð á atvinnurekendur varðandi slys og tjón, sem hljótaskunna af atvinnurekstri þeirra. Slík trygging mundi báðum henta, atvinnurekendum og starfsmönnum þeirra.